



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 11. júlí 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 2. fundar þriðjudaginn 11. júlí 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnari honum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 22. júní.
2. Fundargerð fræðslunefndar frá 22. júní.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 4. júlí.
4. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar – síðari umræða.
5. Nefndarkjör.
6. Málefni leikskóla.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 1. fundar í bæjarráðs í 12 liðum, frá 22 júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram var lögð svohljóðandi tillaga varðandi lið 12. a. í fundargerð bæjarráðs:

"Sbr. liður 12. a. í fundargerð bæjarráðs frá 22. júní sl. gerir bæjarstjórn eftirfarandi tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins vegna úthlutunarreglna byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006:

Blönduóssbær áætlar að skipta þeim 20 þorskígildislestum sem óráðstafað er af byggðakvóta sem kom í hlut sveitarfélagsins fiskveiðiárið 2005/2006, eftirfarandi:

1. *Blönduóssbær mun auglýsa eftir aðilum til að veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og uppfylla eftirfarandi skilyrði:*
 - a. *Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir voru í sveitarfélaginu eigi síðar en 15. júní 2006, hafa stundað veiðar á árinu 2006 og landað í sinni heimahöfn, Blönduósi.*
 - b. *Vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu. Gera skal samning við fiskvinnslustöð á Blönduósi um vinnslu aflans. Skal samningi þeim fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.*
 - c. *Eigi síðar en 1. september 2006 skal skila greinargerð um veiðar og vinnslu yfirstandandi fiskveiðiárs.*
2. *Aflaheimild er ekki framsejjanleg milli báta og þurfa hlutaðeigendur að afsala sér aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda. Heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.*
3. *Með samþykkt ofangreindra tillagna falla fyrri úthlutunarreglur sveitarfélagsins sem staðfestar voru af sjávarútvegsráðuneytinu haustið 2005 úr gildi."*

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Þá var fundargerðin borin undir atkvæði og hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Fundargerð fræðslunefndar í 5.liðum frá 22. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borinn undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar í 7 liðum frá 4. júlí sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Blönduósbæjar – síðari umræða.

Valdimar Guðmannsson óskaði eftir svohljóðandi bókun vegna samþykktanna. *"Ég undirritaður mótmæli harðlega þeirri ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar Blönduósbæjar að leggja til að starf jafnréttisnefndar verði aflagt eins og gert er ráð fyrir í drögum að samþykktum um stjórn og fundarsköp er send voru út fyrir bæjarstjórnarfundinn. Gott starf jafnréttisnefndar á síðasta kjörtímabili vakti víða athygli og ekki þarf annað en að líta á kynjaskiptingu innan bæjarstjórnarinnar til að fá staðfestingu á að full ástæða er til að hafa hér áfram starfandi jafnréttisnefnd."* Undirritað af Valdimari Guðmannsyni.

E- listinn óskaði eftir svohljóðandi bókun:

"Við undirrituð þökkum jafnréttisnefnd vinnslu jafnréttisáætlunar og fyrir vel unnin störf á liðnu kjörtímabili. Ítrekað skal að ekki er verið að leggja jafnréttismál sveitarfélagsins til hliðar enda fari bæjarráð með málaflokkinn á kjörtímabilinu samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins".

Undir þetta rita Jóna Faney Friðriksdóttir, Jón A. Sæbjörnsson, Héðinn Sigurðsson og Valgarður Hilmarsson.

Að umræðum loknum voru samþykktirnar bornar upp með áorðnum breytingum. Þær voru samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Nefndarkjör.
 - Kjósa skal í eftirfarandi nefndir:
 - a. Kjör 3 aðalfulltrúa og 2 varafulltrúa í landbúnaðarnefnd.
 - b. Kjör 5 aðalfulltrúa og 5 varafulltrúa í æskulýðs- og tómstundarnefnd.
 - c. Kjör 3 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa í menningar- og fegrunarnefnd.
 - d. Kjör 3 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa í kjörstjórn.
 - e. Kjör 2 skoðunarmanna og 2 varamanna.
 - f. Kjör 2 aðalmanna og varafulltrúa á ársþing SSNV.
 - g. Kjör aðal- og varafulltrúa á landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
 - h. Kjör aðalfulltrúa og varamanns í fulltrúaráð Eignarhaldfélags Brunabótafélags Íslands

a. Landbúnaðarnefnd

Eftirfarandi tillögur komu fram:

Aðalmenn: Anna Margrét Jónsdóttir

Gauti Jónsson

Þórður Pálsson

Varamenn: Ágúst Sigurðsson

Bjarki Benediktsson

Jón R. Gíslason

b. Æskulýðs- og tómstundarnefnd

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Aðalmenn: Þorgils Magnússon (E)
 Rannveig Bjarnadóttir (E)
 Erla Jakobsdóttir (E)
 Valgerður Gísladóttir (D)
 Jón Örn Stefánsson (Á)
- Varamenn: Erna Jónmundsdóttir (E)
 Þórður Pálsson (E)
 Nína Margrét Pálmadóttir (E)
 Eva Hrund Pétursóttir (D)
 Kristín Jóna Sigurðardóttir (Á)

c. Menningar- og fegrunarnefnd

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Aðalmenn: Nína Margrét Pálmadóttir (E)
 Þórhallur Barðason (E)
 Sigurlaug Markúsdóttir (D)
- Varamenn: Jóhanna Harðardóttir (E)
 Hávarður Sigurjónsson (E)
 Guðmundur Karl Ellertsson (D)

d. Kjörstjórn

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Aðalmenn: Ragnar Ingi Tómasson
 Haukur Ágeirsson
 Gunnar Sigurðsson
- Varamenn: Ólafur Þorsteinsson
 Stefán Hafsteinsson
 Ragnhildur Ragnarsdóttir

e. Skoðunarmenn

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Aðalmenn: Guðný Sigurðardóttir (E)
 Jón Sigurðsson (D)
- Varamenn: Hanna Jörgensen (E)
 Árný Þóra Árnadóttir (A)

f. Fulltrúar á ársþing SSVN.

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Aðalmenn: Héðinn Sigurðsson (E)
 Ágúst Þór Bragason (D)
- Varamenn: Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (E)
 Kári Kárasón (D)

g. Fulltrúar á landsþing Samband ísl. Sveitarfélaga

Eftirfarandi tillaga kom fram:

- Aðalmaður: Valgarður Hilmarsson (E)
 Varamaður: Jóna Fanney Friðriksdóttir (E)

h. Fulltrúi í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands
Eftirfarandi tillaga kom fram:
Aðalmaður: Nína Margrét Pálmadóttir (E)
Varamaður: Jóna Fanney Friðriksdóttir (E)

Tillögurnar bornar upp í einu lagi og samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

Svohljóðandi tillaga var lögð fram:
"Bæjarráði er falið að skipa í stjórn Héraðsbókasafnsins og stjórnir hlutafélaga og byggðarsamlaga sem sveitarfélagið er aðili að."

Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða

6. Málefni leikskóla.

Verulegar umræður urðu um málefnið, þar er óskað styttingar opnunartíma. Fram var lögð svohljóðandi tillaga E- listans:
"Bæjarstjórn þakkar starfsólki Leikskólans Barnabæjar greinargóð gögn og faglegt mat þeirra á opnunartíma leikskólans. Bæjarstjórn samþykkir erindi starfsmanna leikskólans um opnunartíma enda liggja fyrir fagleg og rekstrarleg rök í málinu."

Bæjarfulltrúarnir Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannson lögðu fram svofellda tillögu.
"Bæjarfulltrúar Á- og D- listans leggja til að málefnum leikskólans verði frestað til næsta fundar."

Tillaga Á- og D- listans var borinn undir atkvæði. Hún var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Tillaga E- listans borinn undir atkvæði. Hún var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Óskað var eftir svohljóðandi bókun
"Bæjarfulltrúar D- og Á- listans harma þau vinnubrögð meirihlutans að taka til afgreiðslu tillögu sem lagðar voru fram í fræðslunefnd í gær. Eðlileg vinnubrögð eru þau að fundargerðir séu á dagskrá næsta fundar þannig að allir aðilar geti kynnt sér efni málsins. Í fundargerðinni kemur fram andstaða fulltrúa foreldrafélagsins við breytinguna. Í ljósi málsmeðferðar málsins og þess að ekki hafi farið fram eðlileg umræða um breytinguna greiðum við atkvæði gegn tillögunni."

Bæjarfulltrúar E- lista óskuðu eftir svohljóðandi bókun:
"Fulltrúar E- listans vilja láta koma fram að fundargerð fræðslunefndar frá 10. júlí er ekki til afgreiðslu á þessu fundi. Gögnum frá starfsmönnum leikskólans Barnabæjar var dreift með fundargögnum bæjarstjórnar og málið á dagskrá fundarins í dag."

Þá er óskað eftir svohljóðandi bókun:
"Bæjarfulltrúar Á- og D- listans vilja að fram komi að í útsendum gögnum bæjarstjóra vegna málefna leikskólans kom fram ósk um að afgreiða fundargerð fræðslunefndar. Á grundvelli þess byggjum við okkar málf lutning. Fram kom í gögnunum að fundargerð fræðslunefndar átti að liggja frammi á heimasíðu fyrir fundinn. Svo var ekki og óskum við því eftir frestun." Undir bókunina rita Valdimar Guðmannsson, Kári Kárason og Ágúst Þór Bragason.

Forseti bæjarstjórnar óskaði eftir því að fundurinn samþykkti að nú hæfist sumarleyfi bæjarstjórnar og að það vari til 20. ágúst 2006. Bæjarráði verði falin fullnaðarafgreiðsla mála á meðan sumarleyfi bæjarstjórnar varir í samræmi við samþykktir Blönduósbæjar.

Fundurinn samþykkti ósk forseta samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign)